

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandasýslu
nr. 109 frá 15. maí 1965.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

I. Geiradalshreppur:

1. Króksfjarðarnesvegur, frá félagsheimilinu Vogalandi að bryggju.
2. Valshamarsvegur, af Tröllatunguvegi að Valshamri.
3. Bakkavegur, af Tröllatunguvegi við Litlu-Brekku að Bakka.
4. Gautsdalsvegur, af Vesturlandsvegi á Oddamel að Gautsdal.
5. Klettsvegur, af Vesturlandsvegi að Kletti.
6. Garpsdalskirkjuvegur, af Vesturlandsvegi.
7. Vogalandsvegur, af Vesturlandsvegi að félagsheimilinu Vogalandi.

II. Reykhólahreppur:

1. Hólavegur, af Vesturlandsvegi að Hólum.
2. Mýrartunguvegur, af Vesturlandsvegi að Mýrartungu.
3. Borgarlandsvegur, af Vesturlandsvegi á Hríshólsmelum um Hafrafell að Borg.
4. Skáldsstaðavegur, af Vesturlandsvegi að Skáldsstöðum.
5. Seljanesvegur, af Reykhólasveitarvegi að Seljanesi.
6. Miðhúsavegur, af Reykhólasveitarvegi að Miðhúsum.
7. Reykhólasjávargata, frá Reykhólum að lendingu við Hóp.
8. Miðjanesvegur, af Reykhólasveitarvegi að Miðjanesi.
9. Hamarlandsvegur, af Reykhólasveitarvegi að Hamarlandi.
10. Laugalandsvegur, af Reykhólasveitarvegi að Laugalandi.
11. Staðarsjávargata af Laugalandsvegi vestan Staðará að bryggju við Staðarklauf.
12. Hofstaðavegur, af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum um Hofstaði að Hlíð.
13. Reykhólavegur, að kirkju og skóla.
14. Staðarkirkjuvegur, af Reykhólasveitarvegi.

III. Gufudalshreppur:

1. Hallsteinsnesvegur, af Vestfjarðavegi utan við Þórisstaði um Gröf, Hallsteinsnes og Barm á Vestfjarðaveg í Krossgiljum.
2. Grónesvegur, af Vestfjarðavegi við Ódrjúgsháls um Grónes á Vestfjarðaveg við Brekku.
3. Fremri-Gufudalsvegur, af Neðri-Gufudalsvegi að Fremri-Gufudal.
4. Gufudalskirkjuvegur, af Vestfjarðavegi að Gufudal.
5. Seljalandsvegur, af Vestfjarðavegi að Seljalandi.

IV. Múlahreppur:

1. Kvígindisfjarðarvegur, af Vestfjaðavegi á Klettshálsi um Kvígindisfjörð. Kirkjuból að Bæ.
2. Svínanesvegur, af Vestfjarðavegi við Illugastaði út með Skálmarfirði að Svínanesi.
3. Skálmarnesmúlakirkjuvegur, af Fjarðarhlíðarvegi hjá Hamri.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

26. nóvember 1969.

Nr. 307.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Tómasar Guðbergs Hjaltasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. nóvember 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Tómasar Guðbergs Hjaltasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Tómasar Guðbergs Hjaltasonar, lögreglumanns, Kvisthaga 21, Reykjavík.

2. gr.

Stofndagur sjóðsins telst vera 13. september 1967, sem var útfarardagur Tómasar, en hann lézt hinn 6. september 1967 við skyldustörf hjá Umferðarlögreglunni í Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan stjórnar Slysavarnadeildarinnar Ingólfur í Reykjavík og björgunarsveitar Ingólfs, en Tómas heitinn var virkur félagi í björgunarsveitarinnar um mörg ár, kennari hennar í ýmsum greinum björgunarstarfa og einn af stjórnendum björgunarsveitarinnar er hann lézt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja björgunarsveitarmenn SVFÍ til náms í skyndihjálpi eða öðrum björgunarstörfum.

Þó má verja fé úr sjóðnum til tækjakaupa, ef sérstaklega stendur á, að mati sjóðsstjórnar.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Slysavarnafélags Íslands, undir umsjón sérstakrar sjóðsstjórnar, sem skipuð skal þrem mönnum. Einum skipuðum af stjórn SVFÍ, öðr-